



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 6-8
150 Reykjavík.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

TANNLÆKNADEILD

Reykjavík, 16. febrúar 2007.

Efni: Umsögn tannlæknadeildar Háskóla Íslands um Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar nr.117/1993

Tannlæknadeild þakkar Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis fyrir að veita henni tækifæri til að senda inn umsögn um ofangreint frumvarp.

1. Nýleg rannsókn á vegum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Lýðheilsustöðvar og tannlæknadeildar Háskóla Íslands sýnir hækkandi tíðni tannskemmda hjá **börnum og unglungum** á Íslandi, bæði hvað varðar tannátu og glerungseyðingu. Tíðni glerungseyðingar greinist nú hjá 30% fimmtán ára íslenskra unglunga og er mikil neysla gosdrykkja talin vera aðal orsakabátturinn. Niðurstöður þessarar rannsóknar voru birtar á ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvisindum i Háskóla Íslands í Læknablaðinu í janúar 2007 (ljósrit fylgir). Þetta eru nýjar niðurstöður sem gefa réttari upplýsingar en þær rannsóknir sem notast er við í greinagerð frumvarpsins sem tannlæknadeild telur ekki vera réttar miðað við þær niðurstöður sem nú liggja fyrir um stöðu á tannheilbrigði íslenskra barna og unglunga. Í norrænum samanburði árið 2005 lætur nærri að 12 ára íslensk börn hafi að meðaltali tvöfalt fleiri tannskemmdir (D3-6MFT=2.16) en samanburðarhópar í Svíþjóð (D3-6MFT=0,98). Ef athyglinni er beint að þeim hópi 12 ára barna sem eru hvað verst sett (30% hópsins með flestar tannskemmdir SIC) mælist meðaltannátustuðull þeirra D3-6MFT=4,8 á Íslandi samanborið við 2,87 í Svíþjóð. Í heilbrigðisáætlun til 2010 er eitt að markmiðunum að tannátustuðull 12 ára barna verði minni en 1.0 en mældist 1996 sem 1.6 og mældist nú árið 2005 sem 2.16.

Gagnreyndar leiðbeiningar um varnir gegn tannátu á Íslandi voru gefnar út af Landlæknisembættinu árið 2005 og góð ráð gefin um nauðsynlegar aðgerðir til varnar tannátu. Um er að ræða grundvallar upplýsingar sem að mati tannlæknadeildar hefur ekki verið stuðst við í tannheilsuvernd á Íslandi.

(http://www.landlaeknir.is/Uploads/FileGallery/Kliniskarleidbeiningar/KI%C3%ADn%C3%ADskar_leidbein_um_tannvernd_2005_utg_jan.06.pdf).

2. Markmið frumvarps um **tannheilbrigði aldraðra** er byggt á íslenskri heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem tekur mið af markmiðum WHO og FDI. Þar er lögð áhersla á að aldraðir séu með a.m.k. 20 tennur í biti. Rannsóknir um núverandi ástand á tannheilbrigði aldraðra og ýmissa sérhópa á Íslandi liggja ekki enn fyrir en tannlæknadeild vinnur nú að rannsóknum á umræddum hópum í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld. Draga má þá ályktun að aldraðir verði fleiri tenntir í framtíðinni og þurfi á aukinni tannlæknaþjónustu til að viðhalda tannheilsu sinni.

3. Í reglugerð 576/2005 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar, 6. gr., koma fram breytingar sem tannlæknadeild hefur lagt mikla áherslu á. Nauðsynlegt er að halda þessari grein vegna fyrirhugaðra lagabreytinga.


Í reglugerðinni stendur:

Tannlækningar, nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að undangenginni umsókn, að greiða að fullu, samkvæmt gjaldskrá ráðherra, kostnað við tannlækningar sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sýkinga í tönnum og tannvegi á heilsu ónæmisbældra sjúklinga, svo sem sjúklinga með hvítblæði eða krabbamein á höfuð- eða hálssvæði, væntanlegra líffæraþega, sjúklinga sem þurfa mergskipti og annarra sambærilegra sjúklinga. Tryggingastofnun ríkisins skal semja verklagsreglur um hvaða tannlækningar teljist nauðsynlegar samkvæmt grein þessari.

Tannlæknadeild Háskóla Íslands styður frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993. Líta beri á tannlæknaþjónustu við börn, unglunga og aldraðra sem hluta að almennri heilsuvernd sem falli undir ramma almannatrygginga á sama hátt og önnur heilbrigðisþjónusta.

Virðingarfyllst,



Dr. Inga B. Arnadóttir
forseti tannlæknadeildar